



## Heimsóknin mín í Aðalstræti

Ég ætla að fara í Aðalstræti og skoða Landnámssýninguna og sýninguna *Reykjavík ... sagan heldur áfram*. Þessar tvær sýningar eru í nokkrum húsum við Aðalstræti. Ég get gengið á milli húsanna innan frá og þarf ekki að fara út.

Landnámssýningin er sett upp í kringum skálarúst frá árinu 930. Á sýningunni *Reykjavík ... sagan heldur áfram* get ég skoðað Aðalstræti 10, sem er elsta hús Kvosarinnar. Bæði rústin og húsið hafa verið varðveitt á sínum upprunalega stað.

Til að komast á milli Landnámssýningarinnar og Aðalstrætis 10 fer ég um tengigang í kjallara.



## Inngangur

Það eru tveir inngangar sem ég get valið um. Ég get gengið inn um Aðalstræti 10 eða Aðalstræti 16. Ég ræð hvorn innganginn ég vel.

Inngangur á Landnámssýninguna er á horni Aðalstrætis 16 og Túngötu. Þar er lítið hellulagt torg sem ég geng yfir áður en ég kem að húsinu. Húsið er gult með bláum gluggum. Það eru teikningar í gluggunum. Ég get ýtt á takka svo dyrnar opnast fyrir mig sjálfkrafa eða togað í handfangið og gengið inn.

Fyrir innan sé ég stiga, lyftu, bæklingastand og nokkra stóla. Ef ég vil taka lyftuna þarf ég að bíða aðeins eftir henni. Hún fer mjög hægt upp og niður. Ég þarf líka að bíða eftir að lyftan opnast áður en ég get stigið inn í hana. Þegar ég stíg inn í lyftuna ýti ég á takkann og bíð eftir að glerið fari upp. Lyftan fer með mig niður í kjallara. Ef ég vil fara niður stigann get ég gengið niður. Það er ekki langt niður í kjallara þar sem móttakan er.

Inngangurinn í Aðalstræti 10 er við Bröttugötu, bakhús við Aðalstræti 10. Aðalstræti 10 er lítið svart hús með gluggum og brúnni hurð. Ég geng upp Bröttugötu þar sem ég sé gula rennihurð. Hurðin opnast sjálfkrafa. Þar fyrir innan er móttaka og safnbúð.



## Móttaka




Þegar ég kem út úr lyftunni eða niður stigann í Landnámssýningunni sé ég móttökuna og afgreiðsluborð. Undir stiganum á bak við mig er fjölskyldu- og leiksvæði. Fræðsluherbergi er á vinstri hönd og safnbúðin beint fyrir framan mig. Á hægri hönd er borð með háum stólum og tölvum. Inngangurinn inn í sýninguna er líka á hægri hönd.

Ef ég geng inn í Aðalstræti 10 sé ég móttökuna og safnbúð beint af augum. Gamla húsið sjálf er á vinstri hönd og inngangur að sýningunni er á hægri hönd.

Ég geng að afgreiðsluborðinu og læt starfsfólkið vita af mér. Ef ég er yngri en 18 ára, með Menningarkort Reykjavíkur eða með Öryrkjakort, þarf ég ekki að kaupa miða. Ég þarf samt alltaf að tala við starfsfólkið til að láta vita að ég ætli að skoða safnið. Starfsfólkið réttir mér límmiða til að sýna að ég sé með aðgöngumiða. Ég set límmiðann á jakkann minn eða peysuna mína svo hann sé sýnilegur.

## Safnbúðir

Safnbúðirnar eru í sama rými og móttökurnar. Þar er stundum margt fólk á sama tíma. Oftast er þó rólegt og ekki mikil læti. Í safnbúðunum eru alls kyns vörur sem getur verið gaman að skoða. Ég þarf ekki að skoða safnbúðirnar frekar en ég vil.



## Fjölskyldu- og leiksvæði

Á Landnámssýningunni, Aðalstræti 16, er fjölskylduhorn og leiksvæði. Ég get fengið mér sæti og spilað á spil, leyst þrautir og litað myndir. Undir stiganum er leiksvæði þar sem hægt er að leika sér með svipuð leikföng og börn léku sér með áður fyrr. Þar get ég setið og skoðað ef ég vil.

## Salerni, fatahengi og læstir skápar

Aðalstræti 16: Á vinstri hönd við móttökuna er lítill gangur. Þar eru salerni, skápar og snagar fyrir föt. Þarna get ég geymt jakkann minn ef ég vil. Þar eru líka skápar sem hægt er að læsa. Ef ég er með tösku get ég læst hana inni í einum af skápunum. Lykillinn er með númeri skápsins. Það er því auðvelt fyrir mig að finna hann aftur. Öll verðmæti er gott að geyma í læsta skápunum líka.



Á þessum sama gangi eru tvö salerni sem ég má nota. Annað salernið er líka fyrir hreyfihamlaða.

Aðalstræti 10: Ég finn skápa og snaga í herbergi vinstra megin við móttökuna. Salernin eru niðri í kjallara. Til að fara á salernið fer ég inn á sýninguna, niður stigann eða með lyftu. Þar eru þrjú salerni og eitt af þeim er fyrir hreyfihamlaða.

### Starfsfólk safnsins

Starfsfólk safnsins er ekki í einkennisfötum. Starfsfólkið er með merki safnsins um hálsinn. Þannig veit ég hverjir vinna á safninu. Ég get leitað til þeirra ef mig vantar aðstoð eða upplýsingar.

### Sýningarsalir



Á meðan ég skoða sýninguna hef ég í huga að það má ekki snerta gömlu hlutina sem eru til sýnis. Munirnir sem eru til sýnis þola það illa að þeir séu snertir. Þetta er föst sýning sem þýðir að hún er alltaf eins.

Það er frekar dimmt inni á Landnámssýningunni og gólfíð er ójafnt á nokkrum stöðum. Sums staðar liggur leiðin yfir steina á gólfinu sem eru brúaðir með sléttu gólfefni. Ég þarf að passa hvar ég stíg þegar ég geng um sýninguna. Það eru handrið sem ég get haldið í ef ég vil.

Miðpunktur Landnámssýningarinnar er skálarúst frá árinu 930 og ég get gengið meðfram veggnum í kringum rústina. Meðfram öllum veggnum er skjámynd með hreyfimyndum og ég heyri hljóð (fuglar, kindur, hamarshögg). Á tveimur stöðum get ég fundið sjávarilm. Þetta er til þess að auka á upplifun mína í heimsókninni.

Það er mikil margmiðlun á sýningunni sem gefur frá sér sterka birtu. Það er margmiðlunarborð og tveir margmiðlunarskjáir sem ég má snerta og kalla þannig fram fleiri upplýsingar ef mig langar að vita meira.

Sýningarsalurinn er ekki mjög stór. Ég get farið inn og út á sama stað eða haldið áfram inn tengiganginn yfir í Aðalstræti 10.

Tengigangurinn er mjög bjartur og þar get ég skoðað myndir og texta á veggjunum. Við enda gangsins get ég sest niður og horft á ljósmyndir sem varpað er á vegg. Það koma einnig hljóð úr hátalara sem auka á upplifun mína.



Þarna eru einnig salerni, stigi og lyfta. Ég get valið hvort ég fari upp á næstu hæð með lyftunni eða gangi upp stigann. Lyftuhurðin opnast sjálfkrafa og ég þarf að halda inni takkanum í lyftunni til að komast upp á næstu tvær hæðir.

Á næstu hæð fyrir ofan eru tvö lítil sýningarrými. Í öðru þeirra get ég skoðað líkan af Aðalstræti. Þar heyrast hljóð, ég heyri til dæmis söng, dýrahljóð og vinnuhljóð. Ég get notað kík til að skoða líkanið og sjá fólk birtast á milli húsanna með hjálp tækni í kíknum. Í þessu rými eru einnig tveir skjáir þar sem heyrist t.d. harmónikkuspil. Ég get slökkt á hljóðinu ef ég vil.

Frá þessu rými get ég bæði farið fram í móttökuna í Aðalstræti 10 og komist þar út. Ég get líka gengið upp stigann (eða farið í lyftunni) upp á efstu hæð. Á efstu hæðinni get ég sest niður og skoðað ljósmyndir á stórum skjám. Ég get líka skoðað líkan af flugvellingum í Reykjavík. Það er frekar lítil lýsing á þessum tveimur hæðum.

Frá móttökunni get ég svo farið inn í elsta hús Kvosarinnar, Aðalstræti 10. Þar eru þrjú frekar lítil en björt sýningarrými. Þar get ég fundið lykt af ávöxtum, sælgæti og tjöru.

Þegar mér finnst ég hafa skoðað nóg fer ég aftur í móttökuna/safnbúðina. Þaðan get ég get farið út eða farið til baka yfir í Aðalstræti 16.

Á sýningunni eru bekkir sem ég get sest á ef ég vil. Ef mér finnst áreitið vera of mikið get ég talað við starfsfólk um að fá að fara inn í fræðslurýmið og jafna mig, ef það er laust. Stundum finnst mér það sem ég sé áhugavert og stundum ekki. Það er allt í lagi að mér finnist ekki allt áhugavert og það er líka allt í lagi að ég skoði ekki allt í einni heimsókn. Ég get komið aftur seinna og skoðað meira.

## Heimferð

Ég get farið út á sama stað og ég kom inn eða þar sem ég enda, hvort sem það er Aðalstræti 10 eða 16. Ég fer aftur í fatahengið og næ í jakkann minn og dótið sem ég læsti inni í skáp. Ég passa mig á því að skilja lykilinn eftir í skápnum og fer út um dyrnar.